



Borgarráð

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Kríshakk

Lagt er til að borgarráð styðji við hakaþonið „Hack the Crisis“ sem haldið verður rafrænt dagana 22. – 25. maí næstkomandi um allt að 1,7 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Lagt er til að verkefninu verði vísað til meðferðar þjónustu- og nýsköpunarsviðs til nánari útfærslu.

Greinargerð

Borgarráð samþykkti 26. mars sl. að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir aðgerðum til viðspyrnu vegna COVID-19, þ.m.t. aðgerðum á sviði skapandi greina og þekkingargreina:

Aðgerð #6 – Skapandi greinar

Haldið verði áfram að skapa skapandi greinum betri skilyrði til vaxtar til lengri tíma með áherslu á að skapa aðstöðu og vinnurými, m.a. í tengslum við nýjan klasa skapandi greina í Gufunesi.

Aðgerð #7 – Þekkingargreinar

Unnin verði áætlun um frekari uppbyggingu þekkingartengdra greina í samvinnu við Háskóla Íslands, Vísindagarða, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann.

Lagt er til að tengt þessum verkefnum verði stutt við verkefnið kríshakk eða „Hack the Crisis – Iceland“.

Kríshakk - Hakaþon á netinu

Kríshakk er hugmyndasamkeppni á netinu þar sem þátttakendur keppast við að finna lausnir við fyrirfram gefnum áskorunum sem eru hátt á baugi.

Reykjavíkurborg hefur áður haldið tvö hakaþon undir heitinu Borgarhakk sem tókust vel.

Borgin hefur einnig komið að því að styðja m.a. háskólahakkaponið Reboot Hack og loftslagsmaraðon Climate-KIC. Mörg lönd víðsvegar um heim hafa á undanförunum vikum haldið sérstök hækkaðon undir heitinu „Hack the Crisis“ og verður þetta með svipuðum formerkjum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Heilbrigðisráðuneytið, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Stafrænt Ísland, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Reboot Hack og Samband íslenskra sveitarfélaga standa ásamt Reykjavíkurborg að viðburðinum.

Reykjavíkurborg mun styrkja verkefnið fjárhagslega en starfsmenn borgarinnar munu einnig taka þátt í verkefninu sem bæði ráðgjafar (e. mentor) og dómara. Helstu áskoranir borgarinnar verða teknar saman og kallað eftir lausnum við þremur þeirra. Vinningstillögurnar fá verðlaun í formi fjármagns.

Til að ýta undir aukna virðissköpun og raunverulegt samstarf milli vinningsteyma við áskorunum borgarinnar og starfsfólks Reykjavíkurborgar mun þjónustuhönnunarteymi þjónustu- og nýsköpunarsviðs leiða 1-3 daga nýsköpunarhraðal til að byggja brýr milli borgarinnar og hagaðila. Þá fá vinningsteymin við áskorunum borgarinnar vinnuáðstöðu í Setri skapandi greina á Hlemmi til 3. mánaða sem er stýrt af NMÍ í samstarfi við Reykjavíkurborg og námskeið í stofnun fyrirtækja hjá frumkvöðlar.is til þess að styðja þau til frekari vaxtar.

Kostnaður Reykjavíkurborgar: 1,7 milljónir kr. auk vinnuframlags starfsmanna borgarinnar.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun:

Vinningsfé fyrir þrjár lausnir tengt áskorunum borgarinnar - Allt að 1,5 m.kr. (500 þús. pr. áskorun)

Þátttaka í markaðssetningu (17%) - 100 þús. kr.

Verkefnastjórn (10%) - 100 þús. kr.

Heildarkostnaðaráætlun verkefnisins má sjá í fylgiskjali. Hún getur tekið breytingum eftir því hvort fleiri stofnanir, fyrirtæki, sveitarfélög og ráðuneyti koma að verkefninu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Kynning á Hack The Crisis Iceland 22.-25. maí 2020.

Kostnaðaráætlun fyrir Krísuhakk 2020.



Taktu þátt í

Hack The Crisis Iceland

Stafrænt hakkapön, 22.-25. maí 2020

Hack The Crisis Iceland

Til stendur að halda hakkapön undir yfirskriftinni Hack the Crisis Iceland sem miðar að því að vinna að áskorunum sem steðja að íslensku samfélagi vegna **Covid-19** hvað varðar heilsu, velferð, menntamál og efnahag. Markmiðið er að fá samfélagið til þess að vinna að lausnum við raunverulegum áskorunum sem geta nýst til góða á sama tíma og verið er að örva nýsköpun í landinu. Lönd út um allan heim hafa verið að fara þessa leið með góðum árangri en viðlíka hakkapön hafa verið haldin á öllum hinum Norðurlöndunum. Hakkapönið mun fara fram í gegnum netið, þar sem lið keppast um peninga-verðlaun.

Hakkapönið mun fara fram í 22.-25. maí og stendur yfir í 96 klukkustundir.

Óskað er eftir hugmyndum frá samfélaginu!

Óskað er eftir hugmyndum að áskorunum frá samfélaginu fyrir þátttakendur að leysa á hakkapöninu. Áskoranirnar geta verið allt frá velferðarmálum til menntamála og heilbrigðisþjónustu eða einhverju allt öðru.

Hvernig er hægt að taka þátt?

- leggja fram áskorun
- halda fyrirlestur
- útvega búnað
- sitja í dómnefnd
- útvega mentora
- styrkja

Hvað er hakkapön?

Hakkapön er nýsköpunarkeppni þar sem þverfagleg teymi vinna saman í afmarkaðan tíma við að finna lausnir á raunverulegum áskorunum sem lagðar eru fram. Teymunum býðst einnig að fá ráðgjöf frá mentorum sem hjálpa þeim í gegnum ferlið.

Þemu áskoranna:

- heilbrigðismál
- velferðamál
- menntamál
- annað



hulda@nmi.is
kristjana@reboothack.is
stefan@reboothack.is



HackTheCrisisIceland



ISvsVirus

www.hakkathon.island.is

Eftirfarandi aðilar standa að verkefninu:



Re:boot Hack



STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



Table 1

Krisuhakk 2020	Áætlaður kostnaður					
Verkefnastjórn	1.000.000					
Markaðssetning	600.000					
Samstarfsaðilar		Verðlaun	Vinnuaðstaða	Markaðssetning	Verkefnastjórn	Annað
Fjármálaráðuneyti	1.700.000	1.500.000		100.000	100.000	Vinnuframlag
Reykjavíkurborg	1.700.000	1.500.000	0	100.000	100.000	Vinnuframlag
NMÍ	600.000		0	100.000	500.000	Vinnuframlag
Sambandið	300.000			150.000	150.000	
Viðskiptaráð	300.000	Í skoðun		150.000	150.000	
Stafrænt Ísland	0					Vefsíðan
Hönnunarmiðstöð	Í skoðun					Vinnuframlag
Einkafyrirtæki, ráðuneyti og önnur sveitarfélög	Í skoðun					
Heildarkostnaður	4.600.000	3.000.000	0	600.000	1.000.000	